

Gangstéttir – Þingeyri

Á ýmsum stöðum í Ísafjarðarbæ vantar gangstéttir eða þörf er á verulegri lagfæringu. Áætlað er að kostnaður á hvern meter sé um 60.000 kr.

Forgangur 1 inniheldur staði þar sem engar gangstéttir eru á fjölförnum stöðum eða íbúðarhverfi m.t.t. til nýbygginga.

Forgangur 2 inniheldur ónýtar gangstéttir á fjölförnum stöðum.

Forgangur 3 inniheldur ónýtar gangstéttir í íbúðarhvefum.

Forgangur 1 – Engar gangstéttir

Á Þingeyri eru gangstéttir á fjölförnustu stöðunum og lítið um nýbyggingar.

Forgangur 2 – Ónýtar gangstéttir á fjölförnum stöðum

Gangstéttir á fjölförnustu stöðunum á Þingeyri virka í flottu ástandi.

Forgangur 3 – Ónýtar gangstéttir í íbúðarhvefum

Brekkugata

Gangstéttin frá Brekkugötu 18-52 er illa farin og er um 435 m. löng.

Fjarðargata

Gangstéttin við Fjarðargötu er illa farin víðast hvar og er um 870 m. löng.

Aðalstræti

Gangstéttin fjær sjónum í Aðalstræti er illa farin frá Aðalstræti 1-29 og frá Aðalstræti 41-57. Samtals er þessi kafli um 390 m. langur.